

Reglur um kaup og kjör þeirra sem starfa í stjórnun, ráðum og nefndum hjá Hafnarfjarðarbæ kjörtímabilið 2006-2010.

- breytingartillögur.

Form greiðslna í bæjarstjórn og sviðsráðum – skoðunarmenn og barnaverndarnefnd:

Fyrir bæjarstjórn eru greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 33% hlutfall. Forseti fær greitt 50% aukaálag vegna starfa sinna. Sinni bæjarfulltrúi jafnframt störfum störfum bæjarstjóra skal hlutfallið vera 25%.

Fyrir setu í bæjarráði eru greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 18% hlutfall. Greitt er aukalega fyrir hvern fund sæki ráðsmaður fleiri fundi en 28 á ári. Formaður fær greitt skv. 27% hlutfalli. **Um kjör áheyrnarfulltrúa framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa.**

Fyrir setu í öðrum sviðsráðum (Fjölskylduráði, Fræðsluráði, Skipulags- og byggingarráði, **Framkvæmdaráði**) eru greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 15% hlutfall. Greitt er aukalega fyrir hvern fund sæki ráðsmaður fleiri fundi en 28 á ári. Formaður fær greitt skv. 22,5% hlutfalli. **Um kjör áheyrnarfulltrúa framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa.**

Greiðslur varamanns í bæjarstjórn skulu vera sem hér segir 1% fyrir hverja klukkustund, sem setið er á fundi allt að 4%. Greiðslur ráðsmanns fyrir aukafundi eða til varamanns, skulu nema 4% fyrir hvern setinn fund. **Sama gildir um áheyrnarfulltrúa framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn og varamenn þeirra.**


Greiðslur til annarra áheyrnarfulltrúa, sem rétt hafa til setu á fundum ráða skv. heimild í lögum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar, skulu nema 4% fyrir hvern fund.

Fastar greiðslur falla niður sæki kjörinn bæjarstjórnarmaður eða nefndarmaður í sviðsráði fundi ekki samfleytt í 3 fundi, nema sérstakar aðstæður hamli s.s. veikindi. Fer þá viðkomandi á greiðslukerfi fyrir hvern fund fram að næstu áramótum, en fer þá aftur á fast launakerfi.

Skoðunarmenn bæjarreikninga skulu fá greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 5% hlutfall. Nefndarmenn barnaverndarnefndar skulu fá greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 7% hlutfall, formaður 10,5% hlutfall.

Viðmiðunarlaun skulu taka almennun hækkunum miðað við launavísitölu opinberra starfsmanna. **Viðmiðunarlaun eru miðað við 1. september 2006 kr. 430.684-**

Forseti bæjarstjórnar, formenn ráða og form. barnaverndarnefndar í samráði við starfsmann bæjarstjórnar/ráða/nefndar skulu skila til launaskilagrein til launadeildar fyrir 5. hvers mánaðar til launaúrvinnslu þar sem gert er grein fyrir setu á fundum. Greitt skal fyrir liðin starfsmánuð, fyrsta virkan dag í mánuði þar á eftir.



Form greiðslna í B-hluta stjórn / hafnarstjórn:

Fyrir setu í stjórnnum B-hluta/ hafnarstjórn eru greidd föst mánaðarlaun í 12 mánuði á ári sem ákveðið ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum, 11% hlutfall. Greitt er aukalega fyrir hvern fund sæki ráðsmaður fleiri fundi en 28 á ári. Formaður fær greitt skv. 16,5 % hlutfalli.

Fastar greiðslur falla niður sæki kjörinn stjórnarmaður fundi ekki samfleytt í 3 fundi, nema sérstakar aðstæður hamli s.s. veikindi. Fer þá viðkomandi á greiðslukerfi fyrir hvern fund fram að næstu áramótum, en fer þá aftur á fast launakerfi.

Form greiðslna í nefndum, stjórnnum og tímabundnum starfsnefndum:

Nefndar- og stjórnarmenn fá greitt sérstaklega fyrir hvern fund sem sóttur er, sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum sem skulu vera þau sömu og ofan greinir. Formaður 4,5% pr. fund. Aðrir stjórnar- eða nefndarmenn 3% pr. fund. Varamenn skulu fá greitt sama hlutfall pr. fundarsókn.


Nefndarmenn tímabundinna starfsnefnda (starfs- eða verkefnahópa) fá greitt sérstaklega fyrir hvern fund sem sóttur er, sem ákveðið hlutfall af viðmiðunarlaunum sem skulu vera þau sömu og ofan greinir. Formaður 3% pr. fund. Aðrir stjórnar- eða nefndarmenn 2% pr. fund.

Formmenn nefnda/stjórna/starfsnefnda í samráði við starfsmann nefndar skulu skila til launaskilagrein til launadeildar fyrir 5. hvers mánaðar til launaúrvinnslu. Greitt skal fyrir liðin starfsmánuð, fyrsta virkan dag í mánuði þar á eftir.

Almennt:

Orlof telst innifalið í framgreindum greiðslum.

Iðgjald launþega í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 6% mótframlagi Hafnarfjaraðarbæjar eða stofnanna hans. Launþegum er í sjálfsvald sett í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Sömu reglur gilda um lífeyrissjóðsmál bæjarfulltrúa.



14. sept. 2006